


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



E F N I:

Bls.

| | |
|--|----|
| Forsíðumynd - Fjölstirnir | 2 |
| Traust á foringja, Þ.J. | 3 |
| Um starfsemi Nýalssinna, Ingvar Agnarsson | 3 |
| Draumur, Ingvar Agnarsson | 6 |
| Alheimslíf, Ingvar Agnarsson | 9 |
| Hverju ég aldrei trúði, Þ.J. | 10 |
| Frá Síríusi, Þ.G. | 12 |
| Blástjarnan, Þ.G. | 12 |
| Eftirmæli 23. heftis, Þ.J. | 14 |
| Skrá yfir tímarit, sem félag Nýalssinna hefur gefið út ... | 15 |
| Dreymt á Úlfsstöðum, Ingvar Agnarsson | 16 |
| Félag Nýalssinna | 16 |

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

Forsíðumynd - Fjölstirni

Fjölmargar af stjörnum vetrarbrautar okkar eru tvístirni og fjölstirni. Þær eru svo nálægt hver annari að þær snúast hver um aðra vega samverkandi aðdráttarafls þeirra. Myndin sýnir nokkur vel kunn tvístirni og fjölstirni, í eftirtöldum stjörnumerkjum: Svaninum, Veiðihundinum, Sporðdrekanum, Nautsmerkinu, Andromedu, Kassiopeyju. Myndin sýnir misjafna vegalengd milli hinna einstöku stjarna, einnig misjafna stærð þeirra. Einnig er þar getið um hinn misjafna litblæ þeirra. Litir, eins og gulur, blár, fjólublár, grænn, appelsínugulur eru meðal þeirra lita, sem þarna eru nefndir.

Í ýmsum framlíflýsingum er getið um tvær eða fleiri sólar á lofti. Má gera ráð fyrir, að slíkar lýsingar stafi frá sambandi við íbúa annara jarðstjarna þar sem tvær eða fleiri sólar ganga hver um aðra.

I. A.

Heimild: Manuel pratique d'Astronomie.

TRAUST Á FORINGJA.

Til þess að sambönd einstaklinganna geti orðið svo sem æskilegt væri, þarf að muna hvern einn og meta að verðleikum, og jafnvel nokkru framar. Til lifandi samstillingar einstaklinga nægir jafnvel ekki hið hlutlausa réttðæmi hvers á öðrum, heldur verður þar einnig að koma til greina það ofmat, sem verður, þegar horft er á staraugum, og er gott dæmi um þetta það samband, sem virðist hafa verið á milli Krists og lærisveina hans. Þar var ekki einungis, að þeir mögnuðu hann svo með trausti sínu og dýrkun að hann gat gert kraftaverk, heldur mögnuðu þeir einnig sjálfa sig með því, svo að þeir líka fóru að gera slíkt hið sama. Traust á foringja er sigurvænlegra en allt annað, en því betur verkar gagnkvæmni þess á treystendurna sem foringinn er betri. Viðleitni Krists var að stofna guðsríki á þessari jörð öfugt við það, sem jafnan var hjá herforingjum og öðrum slíkum, og er ástæða til að ætla, að slíkt hafi einkum verið ástæðan til þess, að hann virðist hafa verið flestum foringjum betur magngefandi fylgjendum sínum. Þó var þar aðeins um trúarstig að ræða, sem ekki getur bjargað. Með Helga Pjeturss er hinsvegar komið á vísinda eða skilningsstigið, og mætti því ætla, að jákvætt réttðæmi gagnvart honum og traust nægjanlega margra hefði getað leitt til stórum meiri árangurs en varð hjá Kristi. Það er jafnvel hugsanlegt, að slíkt traust á honum gæti enn leitt til hins langþráða sigurs, sem vitanlega væri ekki falinn í öðru en því, að komist yrði fyrir undirstöðu vísindalegs skilnings á óskeikula framfaraleið.

P. J.

UM STARFSEMI NÝALSINNA.

Mig langar til að gera nokkra grein fyrir starfsemi Félags Nýalsinna á árinu 1967, og því helsta sem fram hefur farið á vegum þessara félagssamtaka. Er þar tvö meginatriði efst á blaði, en það eru miðilstilraunir og ákvörðun um byggingu stjörnusambandsstöðvar.

1. Tilraunastarfsemi.

Í nokkur ár hefur félag okkar haft á leigu fyrir starfsemi sína húsnæði á Laugavegi 24. Þar hafa verið geymdar Nýalsbækur félagsins, þar hafa farið fram flestir hinir mánaðarlegu félagsfundir og síðast en ekki síst, þar hafa farið fram miðils tilraunir á vegum félagsins. Þær hafa átt sér nokkuð langan aðdraganda.

Upphaflega héldu víst flestir, að aðeins mundi unnt vera að gera miðilstilraunir með reyndum miðli, eða a.m.k. með einhverjum, sem hefði ótvíræða miðilshæfileika. Slíka miðla reyndist erfitt að fá til samstarfs. Var því að lokum reynd sú leið að leita miðils hæfileika í eigin röðum. Nokkrir félagar tóku sig saman um að mæta til tilrauna, og sýndu mikið þolgæði, því árangur kom ekki í ljós fyrr en eftir langa hríf.

Fyrsti miðill okkar með augljósa hæfileika reyndist að verða Sveinn Haraldsson, Komu þeir hæfileikar í ljós um mitt ár 1966. Síðar bættist við Sigurður Ólafsson seint á árinu 1966, og síðast Ásmundur Guðbjörnsson, seint á árinu 1967.

Á árinu 1967 hefur verið um augljósa og nokkuð jafna framför að ræða í sambandi við miðilsfundi þessa. Allgreinilega hefur talast í gegnum miðlana. Mikill fjöldi fólks, sem segist eiga heima á ýmsum hnöttum hefur komið fram. Er þar um ýmsa framliðna menn að ræða, suma náskylda fundarmönnum, en einnig ýmsa aðra, svo sem kunna menn frá fyrstu öldum Íslands byggðar. Svo hafa einnig komið fram verur, sem segjast vera komnar langt fram yfir mannsstigið, á þroskabraut sinni, og eiga heima í öðrum vetrarbrautum.

Í upphafi árs 1967 var haldinn 1 tilraunafundur í viku hverri, á fimmtudögum. En eftir að Sigurrós Jóhannsdóttir, (en hún er reyndur huglæknir) kom til samstarfs við félagið, var fundum fjölgað í 2 á viku, og síðar í 3. Hafa sérstakir lækningafundir verið haldnir með Sigurrósu á Laugardögum. Þáttaka í tilraunafundum þessum, einkum á mánudags og fimmtudagsfundunum, jókst mikið eftir því sem leið á árið. Var stundum allt að 15 manns á sumum fundunum. (Þess má geta, að á sumum fundum þessa nýbyrjaða árs, 1968, hefur þáttaka þó orðið enn meiri, eða allt upp í 22 manns, og er það í rauninni fleira en húsrúm leyfir).

Sambandsvinir þeir, sem fram hafa komið á tilraunafundum þessum, hafa sagt okkur margt fróðlegt frá heimkynnum sínum. En mikilvægust mun þó vera mögnun sú, er margir fundarmanna telja sig finna.

2. Stjörnusambandsstöð

Frá upphafi stofnunar Félags Nýalsinna 31. desember árið 1950, hefur það verið eitt af aðalmarkmiðum félagsins, að koma upp stjörnusambandsstöð. Því augljóst hefur jafnan verið, að án slíkrar stöðvar, mundi litlum árangri unnt að ná, til bætts sambands við íbúa annarra stjarna. Hinn 6. október, 1952 var sótt um lóð hjá Reykjavíkurborg til byggingar slíkrar stöðvar. Var

Óskað eftir stað á þeim hluta Laugarássins, sem hæst liggur. Ekki náði það þá fram að ganga, enda brýn nauðsyn slíkrar stöðvar ekki nógu langt á veg komin.

Það er fyrst með tilkomuhinna nýju sambands tilrauna, sem brýna nauðsyn ber til, að koma upp húsnæði, sem hentað gæti hinum breyttu aðstæðum. Því var það, að á félagsfundi hinn 1. nóv, 1967 var ákveðið að ráðast í byggingu stjörnusambandsstöðvar. Leitað var til borgarstjóra Reykjavíkur um stað fyrir slíka stöð, og voru undirtektir hans vinsamlegar. Einnig var leitað fleiri möguleika um staðarval. Varð ofan á að fyrir valinu varð staður við Álfhólsveg 121 í Kópavogi. Stendur hann hátt og er þaðan mikið og fagurt útsýni í allar áttir. Einkum blasa við fagurlega Elliðavogurinn, Viðey og Esja. Samið var við eiganda lóðarinnar um að byggja húsið og skila því fokheldu 30. júní, 1968. Húsið verður tveggja hæða, og verður stjörnusambandsstöðin á efri hæðinni, en einn félagsmanna, Þorsteinn Guðjónsson, verður eigandi neðri hæðarinnar. Gengið var endanlega frá þessum kaupum 21. des., 1967, og greitt sem fyrsta útborgun kr. 200.000,00.

Eftir að ákvörðun var tekin um byggingu stöðvarinnar, hafa ýmsir velunnarar málefnefnisins lagt af mörkum nokkurt fé, til að auðvelda byggingu hússins. Nokkrir nýjrir menn hafa gerst ævifélagar, og þar með greitt tilskilið gjald sem einnig verður til eflingar byggingunni en meirihluta fjárens er enn vant. Treystir stjórnin því að úr muni greiðast á einhvern hátt, og að ýmsir muni gerast til að leggja þessu máli lið, eftir því sem byggingunni miðar áfram.

3. Félagsblað Nýalsinna hefur komið út 5 sinnum á árinu 1967. Á þessu ári er ætlunin að það komi út mánaðarlega. Alls eru nú 20 hefti komin út af Félagsblaðinu í hinu nýja formi, en það byrjaði í Maí, 1963.

4. Nokkur eintök hafa komið út af blaði sem gefið er út á ensku, og heitir Interstellar Communication, eða stjörnusambönd. Ritstjóri þess er Þorsteinn Guðjónsson. Hefur það verið sent út til margra stofnana og menntamanna í ýmsum löndum.

5. Ferðalög. Nokkrir Nýalsinnar tóku sig saman um að fara austur í Hornafjörð, þann 5. ágúst, 1967, alls 8 manns og heimsóttu Bjarna Bjarnason á Brekkubæ og Ragnheiði konu hans. Var dvalið þar í 2 daga og haldnir 2 tilraunafundir, sem tókust vel. Farið var annan daginn í skemmtiferð um Mýrar og Suðursveit. Þann 21. október, 1967, fóru 7 félagar upp að Úlfsstöðum. Einnig þar voru haldnir 2 miðilsfundir sem tókust vel. Er þetta annað haustið sem farið hefur verið upp að Úlfsstöðum og haldnir þar tilraunafundir.

6. Kynningar.

Í Samvinnuskólanum að Bifröst í Borgarfirði var haldið kynningarkvöld um sambandsmál þann 13. marz, sl. Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum hélt þar aðalerindið og svaraði fyrirspurnum nemenda skólans. En í þessari kynningu tóku einnig þátt einn af kennurum Reykholtskóla og 2 félagar, sem komu frá Reykjavík.

Áhugi á þessu efni virtist vera talsverður meðal nemenda, sem gerðu margar fyrirspurnir. Þetta mun vera fjórði kynningarfundurinn, sem haldinn hefur verið í Bifröst á undanförunum árum.

Skólafélag Menntaskólans í Reykjavík hafði beðið Þorstein Guðjónsson að fræða nemendur skólans um kenningar dr. Helga Péturssonar. Fór sú kynning fram þann 19. marz. Að loknu erindi Þorsteins svaraði hann fjölmörgum spurningum nemenda, sem virtust hafa áhuga á að öðlast skilning á þessum málum.

Ingvar Agnarsson
flutt á aðalfundi Félags Nýalssinna
20. marz, 1968.

DRAUMUR.

I.

Mér þótti ég vera einhversstaðar úti, ásamt Þorsteini Guðjónssyni. Ekki tók ég neitt eftir útliti hans. Erum við að tala um eldsumbrot sem nýlega hafi átt sér stað þarna í nágrenninu, og um sögusagnir af því, að eitthvert fólk eigi heima þar niðri í gígnum. Komum við okkur saman um að fara þangað og kanna málið.

Nokkru síðar erum við komnir að þessum eldstöðvum, sem mér þótti vera. Var þar gjá ein mikil og stóðum við við enda hennar. Var hún þar mjög djúp og skuggsýnt að sjá þar niðri. Létum við okkur síga niður á einhverskonar strengjum. Förum við nú að litast um. Er þarna þröngt og sjáum við til lofts upp um tiltölulega mjóa rifu. Á einn veginn var stórgerður grjótruðningur, en á þrjá vegi, þar sem við stóðum, þverhnýptir veggir. En er við förum að líta nánar kringum okkur þykir okkur undarlegt, að hamraveggirnir virðast vera gerðir af steinsteypu. Athugum við þetta nákvæmlega. Veggirnir voru alveg sléttir og mynduðu ferhyrning. Gólfíð var líka alveg slétt. Í einu horninu sá ég nokkur fôr, sem sýndu á ótvíræðan hátt, að um mannaverk var hér að ræða, það ég féлага minn að athuga þetta með mér og var hann mér alveg sammála.

Förum við nú að tala um, að óhugsandi sé, að neitt fólk geti búið hér niðri í jörðinni. En nú bregður svo við að gjáin hverfur og til okkar kemur maður, mjög há, og stórskorinn í andliti. Spyr hann hvað við séum hér að vilja. Stóð okkur hálfgerður stuggur af honum, en svörum að við séum að rannsaka þessa gjá og sögusagnir um að þar búi fólk. Segi ég honum, að ég sjái nú að það hafi við rök að styðjast og get þess, að mér þyki undarlegt að fólk skuli geta lifað þarna niðri í jörðinni. Hann hlær við og segir: "Við erum alls ekki niðri í jörðinni. Sjáið þið ekki að við eigum heima úti í sveit". Ég lít í kringum mig, en sé allt eins og í móðu, nema tiltölulega slétt svæði. Finnst mér ég helzt vera staddur í mjög stóru herbergi en sé þó enga veggi.

Kemur nú fleira fólk til okkar og tveir ungir menn fara að tala við okkur. Erum við að spyrja þá um ýmislegt en þeir að svara. Finn ég nú að ég hljóti að vera í einhverskonar móki eða sambandsástandi. Bið ég nú þann, sem við mig var að tala, að koma með mér út svo hann geti sýnt mér umhverfið. En hann færir undan og skildist mér á honum, að við værum þegar úti. En er ég tók um axlir hans og knúði hann til að koma með mér, lét hann undan. Er mér þótti ég vera kominn út, án þess þó að hafa orðið var við neinar dyr eða veggi, fór ég að líta allt í kringum mig en sá ekki nema lítið svæði, svo sem 100 m frá mér og þótti mér það vera grasi vaxið land. Fannst mér undarlegt hvað lítið ég gat séð. Það ég unga manninn, sem með mér var, að segja mér hvað hann sæi. Hann sagði á þessa leið: "Ég sé marga bæi, og lengra í burtu eru há og fögur fjöll. Á einum stað er dalverpi. Þangað förum við stundum mörg saman og njótum samverunnar þar betur en annarsstaðar."

Tók ég nú eftir telpu á að gizka 7-9 ára. Fannst mér geisla af henni fjör og lífsgleði. Var hún rétt hjá okkur. Og rétt á eftir sé ég hvar þrjú lömb, spölkorn í burtu fara að hlaupa eins og í leik. Þessi lömb, sem mér þótti vera, voru reyndar að nokkru öðru vísi en okkar lömb. Þau voru heldur stærri en fullorðnar kindur og báru höfuðið hærra. Þau voru hvít á lit, og sá ég greinilega, hvernig ullin flaksaðist utan á þeim. Litla stúlkan kallar nú, að hún vilji fara og leika sér við lömbin. Hleypur hún til þeirra. En er hún kemur til þeirra bregður svo undarlega við að hún breytist líka í lamb. Þykir mér þetta stórfurðulegt, og horfi ég nú með meiri athygli en áður á lömbin, sem nú eru orðin fjögur. Upphefst nú ákaflega fjörugur leikur lambanna, einskonar eltingaleikur, en einnig reka þau stundum hausinn hvert í annað. Var fjörið og viðbragðsflýtirinn svo mikill að annað eins hef ég aldrei séð. En alltaf vissi ég greinilega hvert af lömbunum var litla stúlkan, og þótti mér leikur hennar bera af leik hinna að fimi og fjöri.

Eftir nokkra stund dregur þó úr mesta galsanum, og leikur lambanna hættir. Eitt lambið tekur sig út úr og breytist nú aftur í litlu stúlkuna sem kemur hlaupandi til okkar, en hin lömbin eru kyrr þar sem þau voru.

Endar svo draumurinn.

II.

Draumur þessi er að ýmsu leiti athyglisverður, og mun ég nú reyna að skýra hann að nokkru.

Er þess fyrst að geta, að draumgjafi minn fer ásamt félaga sínum niður í gjá eða gíg, að því er hann hélt vera, en uppgötvar að svo er ekki heldur er þarna um einhvers konar mannaverk að ræða. Hann er þó enn haldinn þeirri trú, að fólk lifi þarna niðri í jörðinni, og virðist það byggjast á almennri skoðun fólks á þessum stöðum. Vera má að sú skoðun hafi byggst á því að ýmsir hafi orðið fyrir sambandsskynjun er þeir fóru niður í þennan stað, þótt ekki hafi þeir áttað sig á, að því væri þannig farið.

Þegar draumgjafi minn er kominn þarna niður í jörðina, verður einnig hann fyrir sambandsreynslu, honum finnst gjáin hverfa og honum finnst hann staddur meðal fólks. Fyrri vitund hans er þó svo virk, að honum finnst hann enn vera niðri í jörðinni, og undrar sig á að fólk skuli vera þarna. Nú get ég þess til að sambandsvera hans, sem hann kemst þarna í samband við, hafi orðið eitthvað undarleg, því hann lætur í ljós undrun yfir að fólk skuli búa þarna niðri í jörðinni. En viðmælandi hans, sem verður var við hið annarlega ástand hans, hlær við og segir honum að þeir séu ekki niðri í jörðinni, heldur úti í sveit. Ekki lætur hann samt sannfærast, og reynir að fá einhverja til að leiðbeina sér, eða leiða sig í allan sannleika, en það tekst ekki sem bezt því hann er undir áhrifum draumgjafa síns.

Mér virðist næstum augljóst að í draumi þessum hafi verið um tvöfalda sambandsskynjun að ræða, eða þannig, að það er sambandsvitund draumgjafa míns sem berst til míns sofandi heila. Eftir nokkur byrjunaratriði draumsins, kemst draumgjafi minn í sambandsástand, þ. e. hann fer að sjá, og skynja á annan hátt, það sem einhver annar sér og skynjar á einhverjum öðrum stað. Og enn er eitt athyglisvert, þessi annar kemst mjög undir sambandsáhrif frá draumgjafa mínum, svo að hann verður ekki með sjálfum sér, tapar réttu skyni á raunverulegt umhverfi sínu, sér það eins og í móðu. Og þeir sem hann umgengst taka eftir þessu annarlega ástandi hans, og reyna að losa hann úr því. Þessi síðarnefndi draumgjafi minn, verður þannig draumgjafi með hinn fyrrnefnda sem millilið milli mín og hans.

Vík ég nú aftur að draumnum. Síðasti hluti hans er skírástur og að mörgu leiti athyglisverðastur, því þar gerist atvik sem alls ekkert getur hafa gerst á okkar jörð, og hlýtur því að hafa gerst á öðrum hnetti.

Er þar um að ræða telpuna, sem breyttist í lamb og síðan aftur í telpu, eftir að leik hennar við lömbin var lokið. Þótt e. t. v. megi telja atvik sem þetta ótrúlegt, hygg ég þó að þarna muni geta verið um raunverulegt atvik að ræða. Litla stúlkan, sem sennilega þekkir lömbin, sem leikfélaga, kemst í mjög náð samband við þau, er hún fer til að leika sér við þau. Hún samlagast svo fullkomlega lífaflsvæði lambanna vegna fullkomins sambands hennar við þau, að hún bókstaflega tekur á sig líkamsform þeirra um stundarsakir. Og það form varir meðan samstillingin er fullkomin. Hún ber þó af hinum lömbunum að fegurð og fjöri, og mun það stafa af hinu æðra eðli hennar eða yfirburðum fram yfir þau. Þegar dregur úr þessari fullkomnu samstillingu hennar við lömbin fær hún aftur á sig hina mannlegu líkamsmynd sína.

Ýmislegt sem sagt er frá í goðsögnum bendir til hliðstæðra atburða. Og sé ég ekki ástæðu til að efast um raunveruleika þessarar skýru draumsýnar minnar.

Ingvar Agnarsson
19. júlí, 1961.

ALHEIMSLÍF

Lengi höfðu menn horft á þessa smádepla, sem við köllum stjórnur, áður en þeir vissu hvað glóði þar svo fagurlega. Og lengi, eftir að menn vissu hvað stjórnur voru, létu þeir sér vart til hugar koma annað en að jörð vor væri sú eina stjarna alheimsins, sem byggð væri vitsmunaverum. Á síðustu áratugum og árum hefur þó hugsun manna mjög breytt að þessu leiti. Flestir stjórnufræðingar munu t. d. nú orðið vera þeirra skoðunar að það sé frekar regla en undantekning að sólum fylgi reiki-stjórnur, og er þá komið að spurningunni miklu um líf í alheimi, því reikistjórnur hljóta að vera þau einu heimkynni lífsins, sem náttúrufræðileg hugsun getur viðurkennt. Því efni og efnisheimur hlýtur að vera undirstaða alls lífs. Og efni setur ekki skorður við þróun og þroska lífveranna, heldur þvert á móti.

Ýmsar kenningar hafa komið fram um líf á öðrum hnöttum og hvaða ráð muni einkum tiltæk til að ná sambandi við vitibornar verur. Hafa menn einkum hugsað sér tvær aðferðir til að ná slíku sambandi. Er önnur þeirra sú að ferðast til annarra hnatta með geimskipum, en hin (er sú) að ná sambandi við þroskaðar verur með útvarpsbylgjum. Báðar þessar aðferðir hafa þann ókost að vera allt of seinvirkar þótt framkvæmdalegar kynnu að vera, nema helst innan sama sólkerfis.

En í okkar sólkerfi mun haga svo til, að jörðin sé eina stjarnan byggð vitsmunaverum. Í sumum öðrum sólkerfum kann að haga svo til, að fleiri en ein reikistjarna sé byggð vitþroskuðum verum, og mætti þar, sem svo hagar til, notast við fyrrgreindar sambandsaðferðir.

En hér á Íslandi hefur mikill vísindamaður dr. Helgi Pjeturss gert þá uppgötvun fyrir nokkrum áratugum, að til er annar sambands möguleiki, að til er orka nokkur, sem er óendanlega miklu hraðfleygari en rafgeisli eða ljósgeisli og sem notuð mun til sambands af háþróuðum vitsmunaverum annarra hnatta. Það er lífgeislinn eða líforkan. Tækist okkur jarðarbúum að hagnýta á fullkominn hátt orku þessa mætti taka upp sambönd við íbúa annarra hnatta, og skiptir þá ekki máli hvort þeir eiga heima í einhverju nálægu sólkerfi eða í einhverri annarri vetrarbraut því lífgeislinn fer þessar vegalengdir á örskammri stund.

Þótt á heldur ófullkominn hátt sé, hefur mannkyn jarðarvorrar staðið í vitsambandi við íbúa annara hnatta, þótt ekki hafi menn vitað við hvers konar staði slíkt samband hefur verið. Hafa vitranamenn og ýmsir trúarhöfundar haft vitsamband við verur annarra hnatta, og oft séð sýnir, sem einungis hafa getað átt sér stað á öðrum jörðum. Með því að lesa ýms trúarrit (t.d. Opinberunarbókina og Gylfaginningu) og ýms rit ófreskra manna nú á tímum er hægt að fá allmikla vitneskju um staðhætti og líf annara jarðstjarna, ef lesin eru með skilningi hinna nýju vísinda, sem birst hafa í Nýalsbókum dr. Helga Pjeturss. Hann kynnti sér mikinn fjölda frásagna um annað líf, og komst að þeirri niðurstöðu að allar segja þær frá lífi manna, sem heima eiga á öðrum jarðstjörnum. En fyrst og fremst komst hann að þeirri niðurstöðu, með því að athuga sína eigin drauma, því þar er um sambandsskynjanir að ræða.

Ingvar Agnarsson
lesið í Samvinnuskólanum að Bifröst
13. marz 1968.

HVERJU ÉG ALDREI TRÚÐI.

Að sjálfsögðu hefi ég hneigð til að geta þess eins, sem verða mætti mér til lofs, og skal hér þó fyrst vikið að því, sem metið mun verða á hinn veginn. En það er, að ég var lengi harðlega vantrúaður á, að nokkru sinni verði með neinskonar farartækjum komist til annara hnatta. Hitt mætti nú verða mér fremur til lofs, að þegar é; í fyrsta sinn heyrði talað um ljósvaka eða eter, þá skildi ég ekki og

gat því aldrei lagt neinn trúnað á raunveruleik þess efnis. Það kom jafnvel að því að lokum, að ég af eigin rammleik gerði mér ljóst, að þar var ekki annað en heilaspuni, sem annaðhvort gat ekki dugað til þess, sem honum var ætlað, eða þá að hann gat ekki staðist.

Annað, sem ég ekki skildi og lagði því aldrei trúnað á, var kenningin um undirvitund. - Það var snemma vetrar 1917 til 18 að mér ásamt öðrum eldrideildar-nemendum á Hvítárbakka var lagt fyrir að skrifa um drauma, og hafði ég þá enga hugmynd um kenningu Helga Pjeturss né annarra varðandi þá. Þó hafði ég þá lesið Drauma Hermanns Jónassonar og líklega Dulrúnir líka og orðið fyrir áhrifum af því. Og þegar nú skólabróðir minn einn fór í þessu sambandi að segja mér frá undirvitundinni, þá skildi ég ekki neitt. Hinsvegar lét ég mér til hugar koma, að hugsambönd kæmu til greina sem skýring á undirrót og eðli sumra drauma, og færði sem rök fyrir því dæmi úr Íslendingasögum.

Að lokum skal hér geta þess, sem ég oft hefi tekið fram áður, að ekkert er fjær mér en að hugsa mér takmarkaðan alheim, og kemur mér í því sambandi í hug sú kenning, að allt beri að rekja til einhvers furðulegs efniskakkar, sem tekið hafi upp á því að sundrast í allar áttir. Svo fjarri mér sem það ævinlega var að trúá á kenninguna um algjört fágæti reikistjarnanna meðal annarra sólna, svo fjarri er mér nú að trúá á raunveruleik þessarrar sprengjukenningar, sem stjarnfræðingar virðast nú vera að hallast að. Sýnist mér sú kenning einungis vera eitt af mörgum dæmum um það, hve heimskulegar hugmyndir menn geta stundum gert sér, meðan ekki er allskostar komið á hina réttu skilningsleið. - Það var fyrir nokkrum áratugum látið standa í almanaki hvers árs, að aðeins rúm 5000 ár væru liðin frá sköpun heimsins, og mun nú vera litið á slíkt sem draug frá öld fáfræði og heimsku. En á rauninni er þarna um samskonar draug að ræða, þegar nú er verið að segja frá því í almanaki, að einhver ákveðinn árafjöldi sé liðinn frá þessari upphafssprengingu, og breytir í rauninni litlu, þó að lengri tími sé tiltekinn en áður var. Vetrarbrautir og vetrabrautahverfi eru að vísu endanlegir þættir þannig, að hver fyrir sig hefir átt sitt upphaf. En hitt má heita eins víst og að þessir þættir eru til, að alheild heimsins er óendanleg og án upphafs. Eins og hverjum mætti vera ljóst, þá hlýtur hvað eitt að rekja uppruna sinn til sambands við eitthvað annað, og verður þá ekki komist hjá þeirri ályktun, að frumorsök alls sé að heimurinn sé óendanlegur. Og þegar horft er út frá þessu sjónarmiði, því sjónarmiði, að hvað eina verði til fyrir samband við annað og svo af sögu sinni, þá verður allt annað sennilegra en

að vetrarbrautir eða vetrarbrautahverfi hafi orðið til fyrir sprengingu einhvers ferlegs efniskakkar. Hið sennilegasta er, að heimsköpunin verði og hafi orðið á einhvern þann hátt, sem ég hefi talað um í Tunglsgeislum mínum og víðar.

P.J.

FRÁ SÍRÍUSI.

5. júlí 1737 kom gestur frá Síríusarjarðstjörnu til jarðarinnar og tók land á Eystrasaltsströnd, segir í sögu eftir Voltaire (Arouet - Voltaire var dulnefni og er sama og íslenzka nafnið Valtýr), fransk-an rithöfund á þeirri öld. Vegna þess að Voltaire hafði ekki nægan skilning á þessum efnum eða með öðrum orðum af því að hinar nauðsynlegu uppgötvanir vantaði þá enn, varð úr þessu hlægisaga, en þrátt fyrir það kemur ýmis furðuleg vitneskja fram í sögunni. Þegar þeir Míkrómeas (Smámikli) fara fram hjá Marz, sjá þeir að hann hefur tvö lítil tungl, eins og rétt reyndist vera þegar þau sáuust loks í sjónauka árið 1877. Og hafði þó þá nokkru áður komið fram nánari vitneskja um þau á miðilsfundi í Englandi. En á undan Voltaire hafði Swift (höf. Gulliverssagnanna) lýst þessum tunglum, og má vera að Voltaire hafi tekið þetta þaðan í bók sína um Smámikla. En þó hefur fleira komið til þar sem sú bók var, og mun á undan hafa verið gengin tilraun til að vekja samband milli Síríusar og jarðarinnar, sem þó hefur mistekizt, og hefði bókin um Smámikla þurft að vera greinileg frásögn um þau tíðindi sem gerðust þarna á Eystrasaltsströnd og um það hvernig sú hugmynd vaknaði að um samband við Síríus væri að ræða.

P.G.

BLÁSTJARNAN

Í síðasta félagsblaði það ég lesendur að reyna að stilla svo til að vitneskja mætti nást um ástand og horfur á reikistjörnu Blástjörnnar (Vegu), en þaðan höfðu áður borizt uggvænleg tíðindi fyrir miðils munn. Stuttu eftir að blaðið kom út dreymdi mig á þann hátt, sem margir munu kannast við, en það var þannig að ég þóttist vita af sambandinu meðan mig var að dreyma. Ég þóttist vera að vakna

til vitundar um sjálfan mig í öðrum manni, en það mun þó hafa verið vitund hans um sambandið sem þarna gætti jafnframt þeim áhrifum æðri vitundar, sem þessu eru samfara. Mér þótti ég vera úti staddur og vera að horfa á jörðina næst mér, og var fjarlægðarskynið þegar orðið greinilegt, meir en sjálft það sem fyrir augum var. En á jörðinni sá ég einhverjar gráleitar, steinkenndar lengjur eða stalla, og gerði ég mér ekki fulla grein fyrir því hvort þetta var steinsmíði nokkurt eða náttúrulegt grjót. Um leið og ég vaknaði, var ég greinilega var við þessi orð: "Maður á öðrum hnetti að skoða grjótið þar". Ég sofnaði aftur, en þá bar annað fyrir og miklu óljósara: hermaður með hjálm á höfði og var sem hann horfði rannsakandi á mig. Mér þótti gjósa upp eldtungur báðummegin við hann, og þótti mér þetta vera einhver útbúnaður hans, sem hann þyldi en væri skaðvænlegur öðrum. Eftir þetta vaknaði ég til fulls.

Pétur skáld Benteinsson frá Grafardal (d. 1944) var Nýalssinni, og í Tunglsgeislum Þorsteins Jónssonar er prentaður merkilegur draumur hans. Þegar við komum ofan af Úlfsstöðum um daginn, Sveinn og Ásmundur og ég, fórum við Dragann, og þá benti ég þeim félögum mínum fram í Grafardal og sagði þeim frá Pétri. Þá lét það heldur ekki á sér standa að ég hitti bróður hans á götu í Reykjavík tveim dögum síðar. Litlu síðar verður mér litið í ljóðabók sem hefur að geyma kvæði eftir Pétur. Þar verður fyrir mér kvæði, sem hann nefnir Stjarnan mín og þykist ég fljótt sjá, að það sé Blástjarnan, sem hann hefur þar í huga, fyrst með hrifningu og gleði, en endar þó kvæðið á þessari vísu:

En seg mér glaði geisli
hví glitrar lítið tár
í bláma-böndum þínum
sem blikar dæmdrar þrár?

Virðist Pétur þannig hafa haft grun um að sorg mundi hylja þrá þeirrar stjörnu til jarðarinnar, og er það hugboð mitt að sá aðdragandi hafi verið að hefjast þar um líkt leyti og hann orti kvæðið, um eða fyrir 1940, og hafði mér áður komið í hug af einhverju til efni að ófarnaðurinn hefði hafizt þar um þær mundir. Spurningin er aðeins þessi, hversu djúpt má vera sokkið og hversu illa komið til þess að viðreisnar sé þó von?

Eitt hið mesta skáld, Goethe, orti um Blástjörnuna, og opnaði hún honum skyggni og minni á undraverðan hátt.

P.G.

Fátt eitt er það, sem ég sé ástæðu til að rekja eða mæla eftir í þessu 23. hefti. Þannig skýrir erindi Þorsteins Guðjónssonar sig sjálft að öllu leyti svo að ekki þarf við að bæta, og má segja slíkt hið sama um grein Páls H. Árnasonar, Sambandsstöð. Birtist sú grein í blaði í Vestmannaeyjum, en var tekin upp í heftið samkvæmt tilmælum Þ.G., enda vel þess verð. Í grein minni, Litið í rit varðandi miðilssambönd, hefir fallið niður, að mér þyki málgrein sú, sem ég tilfæri þar í byrjun, athyglisverð fyrir það, að þar kemur þetta fram, að fullkomnum miðilssambandanna hefir ævinlega strandað á því, að skilningurinn á þeim hefir hér ekki verið réttur. Einnig vil ég hér taka það fram, að ég gat varla nógu ljóslega um, að þessi athyglisverða málgrein kom fram á fundi eftir að talað hafði verið um samband við íbúa annarra hnatta. Þarf ekki að efa, að það tal hefir greitt fyrir framkomu þessa fræðslufyrirheits og að hin fyrirheitna fræðsla er ekkert annað en stjörnuliðfræðin.

Eins og getið var um í heftinu, þá breyttist veðurfar mjög til hins betra um líkt leyti og kunngerð var þar þessi góðspá, sem höfð var eftir Óðni og mér kom einnig í hug. Hitt verður svo að viðurkenna, að spá þessi hefir ekki ræzt, því að nú þegar dag er að byrja að stytta aftur er jörð víða í ósumarslegasta lagi, og þarf slíkt þó ekki að vera sönnun þess, að þarna hafi verið um eintóma markleysuspá að ræða. Eins og ég áður hefi einhversstaðar tekið fram, þá er alltaf tvennt til, þar sem ekki er komið á hina réttu leið. Á jörð eins og þessarri, er það jafnan allt annað, sem verða á og það, sem verða vill. Og þegar litið er á aðstæðurnar, sem voru, þegar spáin var borin fram, þá voru líkurnar nær eingöngu til hins verra. Hinsvegar verður að ætla, að möguleikar séu alltaf til hins betra eins og líka um tíma virtist ætla að takast í vor, og er enginn kominn til þess að segja, að það hafi einmitt ekki verið vegna vantrúar einhverra, sem spána lásu, og svo auðvitað vegna hins ríkjandi helstefnuhugarfars, að betur varð ekki til fulls.

Til þess að góðspá rætist, þarf hún að styðjast við eindregið traust, og má því vel skilja, að hún sé ekki ævinlega borin fram af því að vitað sé, að hún rætist, heldur einnig og fremur til þess, að hún megi rætast.

P. J.

SKRÁ YFIR TÍMARIT, SEM FÉLAG NÝALSSINNA HEFUR GEFIÐ ÚT

I. Íslenzk stefna.

| | | | | | |
|----|--------|---------|---------|------|---------|
| 1. | 1 tbl. | 1. árg. | Nóv. | 1951 | 42 bls. |
| 2. | 1 - | 2. - | Marz | 1952 | 50 - |
| 3. | 2 - | 2. - | Des. | 1952 | 42 - |
| 4. | 1 - | 3. - | Apríl | 1956 | 50 - |
| 5. | 1 - | 4. - | Apríl | 1962 | 50 - |
| 6. | 1 - | 5. - | Febrúar | 1963 | 42 - |

Þessi rit geta félagsmenn og aðrir enn fengið hjá félaginu og kostar hvert hefti kr. 30.00.

II. Félagsblað Nýalssinna.

| | | | | Myndir á forsíðu. | |
|-----|----|-------|------|----------------------------|--|
| Nr. | 1 | Maí | 1963 | Engin mynd | |
| - | 2 | Okt. | 1963 | Engin mynd | |
| - | 3 | Des. | 1963 | Satúrnus | |
| - | 4 | Apríl | 1964 | Fjarlæg vetrarbraut | |
| - | 5 | Ágúst | 1964 | Marz | |
| - | 6 | Nóv. | 1964 | Herkúles-stjörnuþyrping | |
| - | 7 | Marz. | 1965 | Tunglið | |
| - | 8 | Apríl | 1965 | Reikistjörnur | |
| - | 9 | Sept. | 1965 | Halastjarna | |
| - | 10 | Apríl | 1966 | Sólin og reikistjörnurnar | |
| - | 11 | Júní | 1966 | Vetrarbrautabryr | |
| - | 12 | Ágúst | 1966 | Vetrarbrautin | |
| - | 13 | Nóv. | 1966 | Óríon | |
| - | 14 | Des. | 1966 | Júpíter | |
| - | 15 | Marz | 1967 | Sólmyrkvi | |
| - | 16 | Maí | 1967 | Sjöstjarnan | |
| - | 17 | Júlí | 1967 | Breytilegar stjörnur | |
| - | 18 | Nóv. | 1967 | Stærð sólstjarna. | |
| - | 19 | Des. | 1967 | Nýalsbækurnar | |
| - | 20 | Febr. | 1968 | Helgi Pjeturss- | |
| - | 21 | Marz | 1968 | Stjörnusambandsstöð | |
| - | 22 | Maí | 1968 | Óðinn á Sleipni | |
| - | 23 | Júní | 1968 | Bjarmahjúpur karls og konu | |

Þetta eru þau rit af Félagsblaði Nýalssinna sem komið hafa út í heftum. Fyrsta blaðið, frá Maí 1963, er alveg þrotið, en af öllum hinum mun eitthvað vera til og geta félagar og aðrir fengið þau hjá félaginu. Kostar hvert hefti kr. 20.00.

Stjórn Félags Nýalssinna.

DREYMT Á ÚLFSSTÖÐUM

Mér þótti ég vera lítill drengur. Ég sat og hlustaði með athygli á mann, sem talaði og fræddi mig og fleiri, sem þarna voru. Mér fannst þessi fræðari vera Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum. Er ég hafði hlustað um stund, skreið ég upp í kjöltu þessa manns og kom mér þar fyrir, svo að ég gæti notið sem bezt fræðslu hans.

Þessi draumur er að því leyti athyglisverður, að mig dreymir hann þegar ég er gestur á Úlfsstöðum, ásamt nokkrum öðrum Nýalssinum. Nokkur börn eru á Úlfsstöðum og þar hafa víst alltaf verið börn. Þau munu líta á Þorstein sem kærán fræðara. Nýalssinnar hafa og lengi litið á hann sem fræðara, og síst að ástæðulausu. Þessi draumur mótast því nokkuð af viðhorfi barnanna á Úlfsstöðum og af viðhorfi okkar Nýalssinna til Þorsteins.

Auðvitað er sá, sem mér þykir í draumnum vera Þorsteinn, ekki Þorsteinn á Úlfsstöðum, og drengurinn, sem mér finnst, að sé ég sjálfur er heldur ekki ég, heldur er hann draumgjafi minn, einhver fjarstaddur drengur, sem ég haf fengið draumasamband við og sá drengur hefur á þessari stundu verið að hlusta á einhvern, sem hann lítur upp til.

Auðsætt virðist, að skilja meg þennan draum, þetta draumsamband mitt, út frá kenningu Helga Þjéurss um stillilögmálið. Dvöl mín á Úlfsstöðum þessa nótt er það sem einmitt hefur skapað mér þennan draum.

Ingvar Agnarsson.

* Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Tilgangur félagsins er að vekja athygli á hinum nýja heimsskilningi, sem dr. Helgi Þjéurss bar fram, og stuðla að hagnýtingu þess skilnings. Félagssfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, kl. 9., í húsnæði félagsins á Laugavegi 24. Rvík. Framlög til stjórnumbandsstöðvar má senda í pósthólf félagsins 1159 eða snúa sér beint til stjórnarmanna félagsins, sem eru:

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni (s. 30688), heima, Hábraut 4 (s. 40593).

Sigurður Ólafsson, Fálkanum (s. 18670), heima, Skaptahlíð 5 (s. 16274).

Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.

Þorsteinn Guðjónsson, Úlfsstöðum, Borgarf.